

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2193****2023/EES/30/09****frá 17. desember 2019****um reglur um útreikning, sannprófun og skýrslugjöf um gögn og um að ákvarða eyðublöð fyrir gögn að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang***(tilkynnt með númeri C(2019) 8995) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr. og 9. mgr. 16. gr.*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2012/19/ESB er fastsett aðferð til að reikna út hvernig gengur að ná lágmarks-endurnýtingarmarkmiðunum fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem sett eru fram í V. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Til að tryggja samræmdan útreikning, sannprófun og skýrslugjöf er nauðsynlegt að fastsetja viðbótarreglur að því er varðar nokkra mæliþætti varðandi útreikninginn. Þessir mæliþættir varða einkum útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, kemur inn í endurvinnslustöð, er endurnýttur og meðhöndlaður í aðildarríkinu þar sem raf- og rafeindabúnaðarúrganginum var safnað, í öðru aðildarríki eða í þriðja landi.
- 3) Einkum ætti að telja undirbúning fyrir endurnotkun, ásamt endurvinnslu, sem hluta af því að uppfylla samanlagt lágmarksendurnýtingarmarkmið.
- 4) Til að tryggja samræmda beitingu allra aðildarríkja á reglunum um reikniáferðir er enn fremur nauðsynlegt að ákvarða, að því er varðar algengustu íhlutaefniviði raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og tiltekin endurvinnsluferli, hvaða úrgangsefni ætti að taka með í útreikningnum og á hvaða stað er talið að slík efni komi inn í endurvinnsluferli.
- 5) Til að tryggja að gögnin sem gefa skal skýrslu um varðandi endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs séu sambærileg ætti staðurinn þar sem litið er svo á að efniviðirnir komi inn í endurvinnsluferlið einnig að gilda um úrgangsefni sem hættu að vera úrgangur vegna formeðhöndlunar.
- 6) Einnig er nauðsynlegt að skýra reikniáferðina fyrir magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem enduruninn eða endurnýttur með tilliti til efniviða sem er fjarlægðir meðan formeðhöndlun stendur yfir.
- 7) Þar eð meðhöndlun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi getur falið í sér mismunandi stig þar sem raf- og rafeindabúnaðarúrgangur getur verið sendur til annars aðildarríkis eða fluttur út fyrir Sambandið til meðhöndlunar, annaðhvort sem heil tæki eða sem hlutar, er nauðsynlegt að skýra hvað er hægt að taka með í þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er meðhöndlaður í þeim aðildarríkjum sem taka þátt í slíkri starfsemi.
- 8) Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2012/19/ESB getur meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs farið fram utan aðildarríkisins þar sem honum var safnað eða utan Sambandsins samkvæmt tilteknum skilyrðum. Í slíkum tilvikum ætti einungis aðildarríkið þar sem þessum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi var safnað að geta talið hann með sem hluta af lágmarksendurnýtingarmarkmiði eða -markmiðum, eftir því sem við á.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2019, ESB L 330, 20.12.2019, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 352/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2012, ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38.

- 9) Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB er þess krafist að aðildarríki safni tilteknum tegundum upplýsinga varðandi raf- og rafeindabúnað og raf- og rafeindabúnaðarúrgang.
- 10) Samkvæmt 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/849 ⁽²⁾, er þess krafist að aðildarríki gefi framkvæmdastjórninni skýrslu fyrir hvert almanaksár um gögnin sem er safnað í tengslum við framkvæmd 4. mgr. þeirrar greinar í samræmi við snið sem framkvæmdastjórnin skal ákvarða. Þetta snið ætti að vera þannig að tryggt sé að gögnin sem gefin er skýrsla um séu traustur grunnur til að sannreyna og vakta að lágmarksmarkmið um söfnun og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem sett eru fram í tilskipun 2012/19/ESB, hafi náðst.
- 11) Samkvæmt 7. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar er þess krafist að aðildarríki leggi skýrslu um gæðaeftirlit fyrir framkvæmdastjórnina sem skal fylgja gögnum úr skýrslugjöfnum skv. 6. mgr. 16. gr. Mikilvægt er að þessar skýrslur um gæðaeftirlit séu sambærilegar til þess m.a. að gera framkvæmdastjórninni kleift að yfirfara gögnin úr skýrslugjöfnum, þ.m.t. skipulagning gagnaöflunar, uppruni gagna, aðferðafræðin sem er notuð við útreikning á söfnunarhlutfalli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og lýsing á öllum rökstuddum mötum, sem og heilleiki, áreiðanleiki og samkvæmni gagnanna og hversu tímanleg þau eru. Í þessu skyni er nauðsynlegt að ákvarða snið fyrir skýrsluna um gæðaeftirlit.
- 12) Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2012/19/ESB skal árlegt lágmarkssöfnunarhlutfall sem hvert aðildarríki skal ná frá 2019 vera 65% af meðalþyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum í hlutað-eigandi aðildarríki eða að öðrum kosti 85% af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til á yfirráðasvæði þess aðildarríkis. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 ⁽³⁾ er fastsett sameiginleg aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginleg aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki. Aðildarríki ættu að tilgreina hvaða aðferðafræði þau velja að nota við útreikning á söfnunarhlutfalli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs á sniðinu fyrir skýrslugjöf og í skýrslunni um gæðaeftirlit.
- 13) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2012/19/ESB skal frá og með 15. ágúst 2018 flokka allan raf- og rafeindabúnað í þá sex flokka sem settir eru fram í III. viðauka við tilskipunina í stað þeirra tíu flokka sem voru í gildi á umbreytingartímabili fyrir þá dagsetningu. Sniðið fyrir skýrslugjöf ætti að endurspegla þessa umbreytingu og tryggja þannig að upplýsingarnar sem greint er frá geri það kleift að sannreyna og vakta að markmiðin sem tengjast endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í hverjum flokki, sem sett eru fram í 1. mgr. 11. gr. og 3. hluta V. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB, hafi náðst.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁴⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Reglur um útreikning á lágmarksendurnýtingarmarkmiðunum sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2012/19/ESB

1. Þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem undirbúinn fyrir endurnotkun skal vera þyngd heilla tækja sem eru orðin að úrgangi og íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem, eftir skoðun, hreinsun eða viðgerðir, er hægt að endurnota án frekari flokkunar eða formedhöndlunar.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/849 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki, tilskipun 2006/66/EB um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og tilskipun 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið ESB L 150, 14.6.2018, bls. 93).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 frá 18. apríl 2017 um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki (Stjtið. ESB L 103 19.4.2017, bls. 17).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

Ef íhlutir eru undirbúnir fyrir endurnotkun skal aðeins greina frá þyngd íhlutarins sjálfs sem „undirbúinn fyrir endurnotkun“.

Ef heil tæki eru undirbúnir fyrir endurnotkun og einungis íhlutum sem eru samtals undir 15% af heildarþyngd tækisins er skipt út fyrir nýja íhluti meðan undirbúningur fyrir endurnotkunarkerfið stendur yfir skal greina frá heildarþyngd tækisins sem „undirbúinn fyrir endurnotkun“.

Einnig skal greina frá tækjum og íhlutum sem eru aðskilin á meðhöndlunarstöðvum fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang og á að endurnota án frekari flokkunar eða forvinnslu sem „undirbúinn fyrir endurnotkun“.

2. Þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem kemur inn í endurvinnslustöð skal vera þyngd efniviða sem koma úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem, eftir rétta meðhöndlun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, kemur inn í endurvinnsluferlið þar sem úrgangsefni eru endurunni í vörur, efniviði eða efni sem eru ekki úrgangur.

Forvinnsla, þ.m.t. flokkun, sundurhlutun, tæting eða önnur formeðhöndlun til að fjarlægja úrgangsefni sem eru ekki ætluð til síðari endurvinnslu, skal ekki teljast endurvinnsla.

Staðir þar sem tiltekin úrgangsefni úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi teljast koma inn í endurvinnsluferli eru tilgreindir í I. viðauka. Ef úrgangsefni hætta að vera úrgangur vegna formeðhöndlunar á stöðunum sem eru tilgreindir í I. viðauka skal magn þessara efna tekið með í magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem endurunninn.

Ef formeðhöndlun er framkvæmd á endurvinnslustöð skal þyngd efniviða, sem eru fjarlægðir meðan formeðhöndlun stendur yfir og eru ekki endurunnir, ekki tekin með í magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem endurunninn eða endurnýttur í þeirri stöð og skal ekki teljast sem hluti af því að uppfylla markmiðin um endurvinnslu og endurnýtingu.

3. Þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem endurnýttur skal taka til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu og annarrar endurnýtingar, þ.m.t. endurnýting orku.

4. Þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er tilgreindur sem meðhöndlaður í tilteknu aðildarríki skal ekki innihalda þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem var flokkaður og geymdur í því aðildarríki áður en hann var fluttur út til annars aðildarríkis eða út fyrir Sambandið til meðhöndlunar.

5. Þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem aðildarríki greinir frá að hafi verið meðhöndlaður í öðru aðildarríki eða meðhöndlaður utan Sambandsins skal taka til, eftir því sem við á, magns raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er heill búnaður sem er orðinn að úrgangi og er sendur til annars aðildarríkis eða út fyrir Sambandið í því skyni að afmenga hann, hluta í sundur, tæta, endurvinna eða endurnýta. Þessi þyngd skal ekki innihalda það magn sem er flutt út af efniviðum sem fást með meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fer fram í aðildarríkinu sem gefur skýrsluna.

6. Ef raf- og rafeindabúnaðarúrgangur er sendur til meðhöndlunar í öðru aðildarríki eða fluttur út til meðhöndlunar í þriðja landi, í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, er einungis aðildarríkinu þar sem þessum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi var safnað og hann sendur frá eða fluttur út til meðhöndlunar heimilt að telja hann með sem hluta af lágmarks-endurnýtingarmarkmiðunum sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

7. Aðildarríki geta notað rökstudd mót, eins og um getur í 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, til að reikna út meðaltal hundraðshluta endurunninna og endurnýtra efniviða úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og íhlutum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2. gr.

Snið fyrir skýrslugjöf um gögn sem um getur í 6. mgr. 16. gr. tilskipunar 2012/19/ESB og skýrsla um gæðaeftirlit

1. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um magn raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markaði þeirra, raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er safnað eftir öllum leiðum, söfnunarhlutfall sem náðst hefur og, eftir atvikum, magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til með því að nota sniðið sem sett er fram í töflu 1 í II. viðauka.

Þessi gögn skulu tilgreind eftir flokki raf- og rafeindabúnaðar í III. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB. Að því er varðar 4. flokk „stór búnaður“ skal greina frá gögnum í tveimur undirflokkum, nánar tiltekið „4a: Stór búnaður, að undanskildum ljósspennuþiljum“, og „4b: Ljósspennuþiljur“.

2. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, endurunninn og endurnýttur, samanlagt hlutfall sem næst fyrir undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu, hlutfall endurnýtingar sem næst og magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er meðhöndlaður í aðildarríkinu og, þar sem við á, meðhöndlaður í öðru aðildarríki eða utan Sambandsins með því að nota sniðið sem er sett fram í töflu 2 í II. viðauka.

Þessi gögn skulu tilgreind eftir flokki raf- og rafeindabúnaðar í III. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB. Að því er varðar 4. flokk „stór búnaður“ skal greina frá gögnum í tveimur undirflokkum, nánar tiltekið „4a: Stór búnaður, að undanskildum ljósspennuþiljum“, og „4b: Ljósspennuþiljur“.

3. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr. á rafrænu formi með staðli um gagnaskipti sem framkvæmdastjórnin kom á fót.
4. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um gögnin um þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað, eins og hún er reiknuð út í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/699.
5. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um gögnin um þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, eins og hún er reiknuð út í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/699.
6. Aðildarríki skulu gefa skýrslu um söfnunarhlutfall sem náðist á skýrslugjafarari, reiknað út á grundvelli meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur var á markaði þeirra á næstliðnum þremur árum.

Ef aðildarríki reiknar út söfnunarhlutfallið á grundvelli magns raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til á yferráðasvæði þess skal það greina frá gögnum um þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til og gögnum um söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem byggist á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til.

Ef aðildarríki reiknar út söfnunarhlutfallið á grundvelli meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum er því í sjálfsveld sett hvort það gefur skýrslu um gögn varðandi þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til og gögn varðandi söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem byggist á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til.

7. Aðildarríki skulu leggja fram skýrslu um gæðæftirlit með því að nota sniðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa ákvörðun.

Ef aðildarríki nota rökstudd mót til að greina frá gögnum um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er safnað eftir öllum leiðum, um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem er meðhöndlaður innan aðildarríkisins eða um meðaltal hundradshluta enduruninna og endurnýtttra efniviða úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og um íhluti raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skal lýsa aðferðafræðinni sem notuð er fyrir þetta mat í skýrslunni um gæðæftirlit.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Virginijus SINKEVIČIUS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

STAÐIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 1. GR. ÞAR SEM ÚRGANGSEFNI ÚR RAF- OG RAFEINDABÚNAÐARÚRGANGI KOMA INN Í ENDURVINNSLUFERLIÐ

Efniviður	Koma inn í endurvinnsluferlið
Gler	Flokkað gler sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í glerbræðsluofn eða til framleiðslu á síunarefnum, slípiefnum, einangrunar- og byggingarefnum úr gleri.
Málmar	Flokkaður málmur sem fer ekki í frekari vinnslu áður en hann fer inn í málmbræðslu eða bræðsluofn.
Plast	Plast sem er aðskilið eftir fjölliðum og fer ekki í frekari vinnslu áður en það fer inn í köggglunar-, útpressunar- eða mótunarferli. Plastflögur sem fara ekki í frekari vinnslu áður en þær eru notaðar í fullunna vöru.
Viður	Flokkaður viður sem fær ekki frekari meðhöndlun áður en hann er notaður í spónaplötu-framleiðslu. Flokkaður viður sem fer inn í myltingarferli.
Textílefni	Flokkað textílefni sem fer ekki í frekari vinnslu áður en það er notað til framleiðslu á textíl-trefjum, tuskum eða kornum.
Íhlutir raf- og rafeindabúnað-arúrgangs sem eru úr mörgum efniviðum	Málmar, plast, gler, viður, textílefni og aðrir efniviðir sem falla til við meðhöndlun íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs (t.d. efniviðir eftir meðhöndlun prentplatna) sem falla undir endurvinnslu.

II. VIÐAUKI

SNIÐ FYRIR SKÝRSLUGJÖF UM GÖGN AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TILSKIPUN 2012/19/ESB UM RAF- OG RAFEINDABÚNAÐARÚRGANG

Tafla 1

Raf- og rafeindabúnaður sem er settur á markað, raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fellur til og er safnað og söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs

Vöruflokkur	1	2	3	4	5	6	
	Raf- og rafeindabúnaður sem er settur á markað	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fellur til	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er safnað frá einkaheimilum	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er safnað frá öðrum notendum en einkaheimilum	Samtals raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er safnað	Söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs (%)	
	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Aðferðafræði	
						A. byggist á því sem er sett á markað (%)	B. byggist á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til (%)
1. Varmaskiptabúnaður							
2. Skjái, vaktarar og búnaður með skjái með yfirborð sem er stærra en 100 cm ²							
3. Perur							
4. Stór búnaður ⁽¹⁾ (öll ytri mál eru yfir 50 cm)							
4a. Stór búnaður, að undanskildum ljósspennuþiljum ⁽¹⁾							
4b. Ljósspennuþiljur ⁽¹⁾							
5. Lítil búnaður (ekki ytra mál er yfir 50 cm)							
6. Lítil upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður (ekki ytra mál er yfir 50 cm)							
Samtals							

	1	2	3	4	5	6	7	8	9
Vöruflokkur	Undirbúningur fyrir endumotkun	Endurvinnsla	Undirbúningur fyrir endumotkun og endurvinnslu	Undirbúningur fyrir endumotkun og endurvinnsluhlutfall	Endurnýting	Hlutfall endurnýtingar	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er meðhöndlaður í aðildarríkinu	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er meðhöndlaður í öðru aðildarríki	Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er meðhöndlaður utan Sambandsins
	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	%	Heildarþyngd (tonn)	%	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)	Heildarþyngd (tonn)
4a. Stór búnaður, að undanskildum ljósspennuþiljum ⁽¹⁾									
4b. Ljósspennuþiljur ⁽¹⁾									
5. Lítil búnaður (ekki ytra mál er yfir 50 cm)									
6. Lítil upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður (ekki ytra mál er yfir 50 cm)									
Samtals				-		-			

⁽¹⁾ Að því er varðar skýrslugjöfina skal skipta 4. flokki, stór tæki, í undirflokk „4a: Stór búnaður, að undanskildum ljósspennuþiljum“, og undirflokk „4b: Ljósspennuþiljur“. Aðildarríki skulu greina frá gögnum í undirflokkum 4a og 4b og skilja samtölulínuna fyrir 4. flokk eftir auða. Ef aðildarríki getur ekki gert greinarmun á gögnum í undirflokkum 4a og 4b skal það eingöngu fylla út í reitina í mismunandi dálkum í samtölulínunni fyrir 4. flokk.

Athugasemdir:

Aðildarríki skulu gera greinarmun á raunverulegum núllum (0 tonn) og þegar gildi vantar/óþekkt magn. Þau skulu skrá „0“ til að greina frá núll tonnum og „M“ ef gögn eru óþekkt.

III. VIÐAUKI

SNIÐ FYRIR SKÝRSLU UM GÆÐAEFTIRLIT SEM FYLGIR GÖGNUNUM SEM UM GETUR Í II. VIÐAUKA

1. HLUTI

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Aðildarríki

Titill

Skýrsla um gæðaeftirlit varðandi gögn sem lögð eru fram að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

Fyrirtæki/stofnun sem leggur fram gögnin og skýrsluna um gæðaeftirlit

Tengiliður/samskiptaupplýsingar

Viðmiðunarár

Dagsetning afhendingar/útgáfu skýrslunnar um gæðaeftirlit

Krafa um trúnaðarkvöð

Þessi skýrsla um gæðaeftirlit skal vera aðgengileg

- fyrir almenning (á vefsíðu framkvæmdastjórnarinnar):

Já/ Já, að undanskildum hluta/hlutum:

Nei

Ef svarið er nei, veita skal nákvæmar upplýsingar um það hvaða hlutar ættu vera trúnaðarmál og ástæðurnar fyrir trúnaðarkvöðinni:

- fyrir meðlimi nefndarinnar um tæknilega aðlögun (TAC) og sérfræðingahópsins um raf- og rafeindabúnaðarúrgang:

Já/ Já, að undanskildum hluta/hlutum:

Nei

Ef svarið er nei, veita skal nákvæmar upplýsingar um það hvaða hlutar ættu vera trúnaðarmál og ástæðurnar fyrir trúnaðarkvöðinni:

2. HLUTI

UPPRUNI GAGNA, GILDINGARFERLI GAGNA OG UMFANG

A. Aðferðafræði sem er beitt og uppruni gagna

A.1: Aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað

Tilgreina skal aðferðafræðina sem er notuð fyrir útreikninga á magni raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/699 frá 18. apríl 2017 um að fastsetja sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á þyngd raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í hverju aðildarríki og sameiginlega aðferðafræði fyrir útreikning á magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, miðað við þyngd, í hverju aðildarríki (Stjóð. ESB L 103, 19.4.2017, bls. 17).

A.2: Aðferðafræði fyrir útreikning á söfnunarhlutfalli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs

Tilgreina skal aðferðafræðina sem er notuð fyrir útreikning á söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

Ef aðferðafræðin sem er notuð byggist á meðalþyngd raf- og rafeindabúnaðar sem var settur á markað á næstliðnum þremur árum skal láta í té gögn um magn raf- og rafeindabúnaðar sem var settur á markað á næstliðnum þremur árum fyrir viðmiðunarárið:

	Heildarþyngd (tonn) raf- og rafeindabúnaðar sem er settur á markað í aðildarríki
Ár (einu ári fyrir viðmiðunarárið)	
Ár (tveimur árum fyrir viðmiðunarárið)	
Ár (þremur árum fyrir viðmiðunarárið)	
Meðalþyngd fyrir þessi þrjú ár = (summa lína 1 + 2 + 3, deilt með 3)	

A.3: Uppruni gagna

Lýsa skal uppruna gagna fyrir þá mismunandi liði sem eru tilgreindir hér á eftir (t.d. manntal/landshagskýrslur/gagnaskilakvöð fyrir fyrirtæki eða vottaðar rekstrareiningar/stofnanir/samtök/kannanir um samsetningu úrgangs/sértæk áhrifamöt samkvæmt landslögum og viðeigandi reglur).

a) Raf- og rafeindabúnaður sem er settur á markað (tafla 1: 1. dálkur)

Tilgreina skal hvaða heimildir eru notaðar við söfnun gagna um raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.

b) Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem fellur til (tafla 1: 2. dálkur)

Gefa skal skýrslu um gögnin um þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, eins og hún er reiknuð út með því að nota reiknitól til útreiknings á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, og tilgreina skal uppfærslur á gögnum reiknitólsins til útreiknings á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi ef um slíkt er að ræða.

Að því er varðar aðildarríki sem gefa skýrslu um söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem er reiknað út á grundvelli raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem fellur til, eru þessi gögn skyldubundin. Aðildarríkjum sem gefa skýrslu um söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er reiknað út á grundvelli meðalþyngdar raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað á næstliðnum þremur árum er í sjálfsvald sett hvort þau leggja þessi gögn fram.

c) **Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem er safnað** (tafla 1: 3., 4., 5. og 6. dálkur:

Tilgreina skal hvaða heimildir eru notaðar við söfnun gagna um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem er safnað eftir öllum leiðum. Taka skal tillit til þess að skv. 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2012/19/ESB skal magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er safnað vera það magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem var:

- a) móttekið hjá söfnunar- og meðhöndlunarstöðvum,
- b) móttekið hjá dreifingaraðilum,
- c) safnað sérstaklega af hálfu framleiðenda eða þriðju aðila sem koma fram fyrir þeirra hönd.

Tilgreina skal sérstaklega ef kerfum var komið á fót til að gera leyfishöfum og dreifingaraðilum a.m.k. kleift að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi án endurgjalds í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2012/19/ESB og veita skal upplýsingar um þau gögn sem kunna að berast úr þessum kerfum.

d) **Undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs (tafla 2: 1., 2. og 5. dálkur)**

Taka skal tillit til þess að skv. 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2012/19/ESB skal nota gögn um þyngd raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviða eða efna sem koma inn í (ílag) stöð til undirbúnings fyrir endurnotkun eða endurvinnslu- eða endurnýtingarstöð eftir rétta meðhöndlun í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

Tilgreina skal hvaða heimildir eru notaðar fyrir gögn um undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skv. 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

Tilgreina skal hver er munurinn á ílagi sem fer inn í stöð til undirbúnings fyrir endurnotkun, í endurvinnslustöð, í brennslu- (eða bræðsluferli) eða (orku)endurnýtingarstöð.

e) **Meðhöndlaður raf- og rafeindabúnaðarúrgangur** (tafla 2: 7., 8. og 9. dálkur)

Tilgreina skal hvaða heimildir eru notaðar við söfnun gagna um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem er meðhöndlaður í aðildarríkinu og um raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem er meðhöndlaður í öðru aðildarríki eða utan Sambandsins.

Einnig skal gefa almenna lýsingu á þeim meðhöndlunarkerfum sem eru tiltæk í aðildarríkinu og tilgreina hvort kröfur um meðhöndlun eða lágmarksgæðastaðlar fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem er safnað í aðildarríkinu, séu frábrugðnir eða gangi lengra en gert er í VII. viðauka við tilskipun 2012/19/ESB. Í slíkum tilvikum skal leggja fram lýsingu á þessum kröfum eða stöðlum.

B. Gæði gagnalinda/Gildingarferli gagna

B.1: Gæði gagnalinda

Lýsa skal gæðum þeirra fjölbreyttu heimilda sem eru notaðar (þ.m.t. áskorunum að því er varðar gæði gagnanna og hvernig ætlunin er að auka gæði þeirra í framtíðinni).

B.2: Gæði mata á raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað í mismunandi flokkum

Ef svo ber undir að rekstraraðilar safna gögnum, áður en aðildarríki safna þeim, fyrir aðra flokka raf- og rafeindabúnaðar en þá sem eru tilgreindir í tilskipun 2012/19/ESB, eða fyrir undirflokk, skal útskýra hvaða flokkar eða undirflokkar raf- og rafeindabúnaðar eru notaðir og hvernig gögnum fyrir þessa flokka er umbreytt í gögn fyrir flokka raf- og rafeindabúnaðar í tilskipun 2012/19/ESB

B.3: Vöktun á því hvort markmiðunum er náð

Lýsa skal landsbundnum ráðstöfunum til að stuðla að því að ná markmiðunum um söfnun, undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu og endurnýtingu.

Einnig skal veita upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að upplýsa notendur raf- og rafeindabúnaðar um og hvetja þá til þátttöku í meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2012/19/ESB.

Ef greint er frá magni raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er „meðhöndlaður í öðrum aðildarríkjum“ eða „meðhöndlaður utan ESB“ skal tilgreina:

- hvort þessi útflutningur er hafður í huga við útreikning á hlutfalli endurnýtingar og hlutfalli undirbúnings fyrir endurnotkun og endurvinnslu,
- hvernig hlutfall endurnýtingar og hlutfall undirbúnings fyrir endurnotkun og endurvinnslu fyrir þetta útflutta magn var fengið.

Ef um er að ræða kröfu um að skjalfest sönnun, til viðbótar við sönnunina sem krafist er skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2012/19/ESB, séu lögð fyrir lögber yfirvöld til samþykkis fyrir útflutningnum skal lýsa þessari skjalfestu sönnun sem krafist er.

.....

B.4: Samræming og samkvæmni gagna

Lýsa skal aðgerðum sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir tvítalningu á innfluttum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem skal ekki teljast vera hluti af því að uppfylla markmiðin og sem ekki skal greina frá sem meðhöndlun, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu í innflutningsaðildarríkinu.

Lýsa skal öllum leiðréttingum á inn- og útflutningi, t.d. til að taka tillit til innflutnings til einkaneyslu og útflutnings eða villandi yfirlýsinga (notaður raf- og rafeindabúnaður í stað raf- og rafeindabúnaðarúrgangs), eða öðrum.

.....

B.5: Gildingarferli gagna

Lýsa skal ferlinu sem er notað til að sannprófa áreiðanleika gagnanna.

Veita skal upplýsingar um skoðunar- og vöktunarkerfi sem beitt er í aðildarríkinu til að sannprófa framkvæmd tilskipunar 2012/19/ESB.

.....

C. Heilleiki/umfang

C.1: Taka gagnalindirnar, sem fjallað var um áður, til alls geirans?

Já/ Nei

.....

C.2: Eru notuð einhver rökstudd mót varðandi raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/699?

Já/ Nei

.....

C.3: Eru notuð einhver rökstudd mót varðandi raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem var safnað og meðhöndlaður, sem tekið er tillit til við skýrslugjöfina í tengslum við það hvernig miðar að ná viðkomandi markmiðum?

Já/ Nei

Ef svarið er já, lýsa skal aðferðafræðinni við öflun slíkra mata og leggja fram viðeigandi fylgiskjöl fyrir slík mót.

.....

.....

C.4: Eru notuð einhver rökstudd mót varðandi meðaltal hundraðshluta endurunninna og endurnýtttra efniviða úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og íhlutum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem tekið er tillit til við skýrslugjöfina að því er varðar hvernig gengur að ná viðkomandi markmiðum?

Já/ Nei

Ef svarið er já, lýsa skal aðferðafræðinni við öflun slíkra mata og leggja fram viðeigandi fylgiskjöl fyrir slík mót.

.....

C.5: Hvaða hluti (%) af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, sem er safnað og meðhöndlaður, fellur undir eða er áætlað að falli undir skýrslugjafaráætlun?

.....

D. Annað

D.1: Gögn vantar

Ef skyldubundin gögn vantar skal lýsa ástæðunum fyrir þessum eyðum og veita upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að ráða bót á þessu ástandi.

.....

D.2: Sennileikaathugun

Tilgreina skal hvort einhverjar af eftirfarandi aðstæðum hafi komið upp:

1. Magn raf- og rafeindabúnaðar sem sett er á markað er undir 10 kg á hvern íbúa á ári.	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
2. Magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er safnað er meira en magn raf- og rafeindabúnaðar sem sett er á markað.	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
3. Söfnunarhlutfall raf- og rafeindabúnaðarúrgangs er yfir 75% af raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað eða yfir 100% af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem fellur til?	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
4. Magn meðhöndlaðs raf- og rafeindabúnaðarúrgangs er meira en magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er safnað.	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
5. Magn endurunnins raf- og rafeindabúnaðarúrgangs (þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnotkun) er meira en magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sem er endurnýttur (þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnotkun).	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
6. Endurvinnsluhlutfallið (þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnotkun) fer yfir 95%.	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
7. Hlutfall endurnýtingar (þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnotkun) fer yfir 99%.	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei
8. Rof á tímaröðum (verulegar breytingar á magni sem greint er frá með tímanum)	<input type="checkbox"/> Já/ <input type="checkbox"/> Nei

Ef svarið við einni eða fleiri spurningum er já, veita skal viðbótarupplýsingar um atvikið og tengdar ástæður.

.....

.....

E. Mismunur miðað við gögn sem greint var frá á næstliðnum árum

Lýsa skal og gefa skýringar á öllum umtalsverðum aðferðafræðilegum breytingum á gagnasöfnun eða nálgun við fullgildinguna gagna eða á þeim aðferðum sem notaðar eru til að reikna út hlutfall söfnunar og endurnýtingar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs fyrir yfirstandandi viðmiðunarár í tengslum við þær aðferðir og þá aðferðafræði sem beitt var fyrir fyrri viðmiðunarár.

.....

F. Helstu landsbundnu vefsetur, tilvísunarskjöl og birtingar

Tilgreina skal allar aðrar viðeigandi gagnalindir, þ.m.t. skýrslur sem fjalla um þætti sem varða gæði gagnanna, umfang eða aðra þætti framfylgdar, s.s. skýrslur frá fyrirtækjum/stofnunum sem fjalla um ábyrgð framleiðenda varðandi árangur að því er varðar að ná fram söfnun, meðhöndlun og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, skýrslur um bestu starfsvenjur við söfnun og meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, skýrslur um innflutning og útflutning raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og allar aðrar gagnalindir og upplýsingar sem tengjast raf- og rafeindabúnaðarúrgangi.

.....